

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
— Fyrir opinn bát	210,00
— Fyrir þilfarsskip minna en 25 rúml.	402,00
— Fyrir þilfarsskip 25 rúml. allt að 100 rúml.	630,00
— Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 250 rúml.	870,00
— Fyrir þilfarsskip 250 rúml. allt að 500 rúml.	1 200,00
— Fyrir þilfarsskip 500 rúml. allt að 1600 rúml.	1 980,00
— Fyrir þilfarsskip 1600 rúml. og stærri	2 370,00

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og síma-kostnaður skv. reikningi.

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir vélaskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunarinnar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 106,00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 50,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skriki reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 455, 1981, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.